

Bryndís Garðarsdóttir
Sigurlaug Bjarnadóttir

Úttekt á starfi leikskólans Sólborgar í Reykjavík

© Bryndís Garðarsdóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir

Úttekt á starfi leikskólans Sólborgar í Reykjavík

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfi leikskólans Sólborgar í Reykjavík. Úttektin tók mið af þeim þáttum sem tilgreindir voru í verksamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og SRR - Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf, í mars 2010. Þar kemur fram að markmið úttektarinnar sé að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Í úttektinni skyldi að auki meta sérstöðu leikskólans þ.e. sameiginlegt uppeldi og menntun fatlaðra og ófatlaðra barna, notkun íslensku og íslensks táknaþáls ásamt ráðgjöf til leikskóla vegna heyrnarskertra og heyrnarlausra barna.

Upplýsinga var aflað með viðtölum við stjórnendur leikskólans, rýnihópaviðtölum þar sem þátt tóku fulltrúar starfsmanna, barna og foreldra. Skýrsluhöfundar fylgdust einnig með starfi á vettvangi og greindu skráð gögn um leikskólastarfið.

Niðurstöður úttektar eru að leikskólinn Sólborg uppfyllir þau ákvæði sem fram koma í þeim viðmiðum sem lögð voru til grundvallar. Þetta á við um aðstöðu og búnað leikskólans, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og við aðila utan hans. Helstu styrkleikar í starfi leikskólans felast í stjórnun hans, öflugri skráningu og upplýsingamiðlun ásamt markvissu uppeldis- og menntastarfi. Sérstaða leikskólans felst í aðferðum heildtækrar skólafestnu þar sem áhersla er á að virða margbreytileika hjá börnum og vinna með tilliti ólíkra þarfa þeirra. Sólborg hefur meðal annars sérhæft sig í að mæta þörfum heyrnaskertra og heyrnarlausra barna og börnum heyrnalausra foreldra. Starfsmenn hafa aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar á máli og menningu heyrnarlausra og leitast við að móta umhverfi þar sem áherslan er á sameiginlegt uppeldi heyrnarlausra og heyrandi. Ráðgjafaverkefni vegna heyrnalausra og heyrnaskertra barna hefur gengið vel og hafa alls níu leikskólar nýtt sér þjónustuna. Í niðurstöðum könnunar sem gerð var á meðal þeirra sem leituðu eftir ráðgjöf kemur fram mikil ánægja með þjónustuna og að hún hafi nýst leikskólanum sem og foreldrum barnanna vel. Af niðurstöðum matsins má ráða að mjög vel er staðið að stjórnun og skipulagi leikskólastarfsins. Starfshættir eru markvissir og starfsmenn eru samábyrgir fyrir því að fylgja eftir áherslum og skipulagi ásamt því að skrá og meta leikskólastarfið í þeim tilgangi að þróa og bæta starfshætti. Í leikskólanum ríkir góður starfsandi og starfsmenn hafa náð að byggja upp jákvæð samskipti sín á milli, við börnin og foreldra þeirra. Foreldrar eru einnig mjög ánægðir með samstarf og áherslur í leikskólastarfinu og telja að starfið sé markvisst og skipulagt út frá þörfum barnanna.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Sólborgar í Reykjavík. Matið var unnið á vegum SRR – Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Bryndís Garðarsdóttir, lektor og Sigurlaug Bjarnadóttir, stundakennari við Menntavísindasvið HÍ.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsmönnum, börnum og foreldrum barna í Sólborg fyrir ánægjulegt samstarf á meðan á matinu stóð.

Reykjavík, júní 2010

Bryndís Garðarsdóttir
Sigurlaug Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	4
Inngangur	6
Aðstaða og búnaður	7
Umhverfi, húsnæði, búnaður og námsgögn	7
Samantekt og mat	8
Stjórnun	8
Stöðugildi og menntun starfsmanna	8
Verkaskipting stjórnenda og starfsmanna	8
Fundir og boðskipti.....	9
Starfsmannahandbók.....	10
Samantekt og mat	10
Uppeldis- og menntastarfið	11
Fjöldi barna og skipting á deildir	11
Skólanámskrá.....	11
Daglegt líf.....	13
Leikur.....	13
Námssvið og námsþættir	13
Elstu börnin.....	14
Sérstaða Sólborgar	16
Ráðgjafarskóli.....	17
Samantekt og mat	18
Samskipti, samstarf og starfsandi	19
Samskipti milli starfsmanna.....	19
Samskipti barna og starfsmanna	19
Viðhorf barna.....	19
Samantekt og mat	20
Samstarf og samskipti við umhverfi leikskólans	21
Samstarf við foreldra.....	21
Viðhorf foreldra.....	22
Aðrir samstarfsaðilar	23
Samantekt og mat	23
Lokaorð	23
Heimildir	25
Listi yfir þróunarverkefni.....	25

Inngangur

Leikskólinn Sólborg tók til starfa árið 1994. Leikskólinn er fjögurra deilda og er staðsettur við Vesturhlíð í Reykjavík. Rekstraraðili leikskólans er Reykjavíkurborg og samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 fer leikskólaráð með málefni leikskólans í umboði borgarstjórnar.

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 24,5. Stöðugildi vegna stjórnunar er 1,10.

Leikskólastjóri er í fullu starfi og aðstoðarleikskólastjóri er í 0,80% starfi. Sérstaða leikskólans felst í menntun fatlaðra og ófatlaðra barna og stefna og aðferðir taka mið af hugmyndafræði heildtækrar skólustefnu. Leikskólastjóri Sólborgar er Jónína Konráðsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Ragnheiður Þóra Kolbeins.

Í samningi sem gerður var við skýrsluhöfunda í mars 2010, kemur fram að markmið úttektar sé að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Meðal atriða sem úttektin skyldi beinast að voru stjórnun og skipulag skólastarfsins, innra og ytra mat ásamt sérstöðu leikskólans þ.e. sameiginlegu uppeldi og menntun fatlaðra og ófatlaðra barna, áherslu á notkun íslensku og íslensks táknaðs, ásamt mati á tilraunaverkefni um ráðgjöf til leikskóla vegna heyrnalausra og heyrnaskertra barna.

Gagnaöflun

Gagna vegna matsins var aflað með viðtölum við einstaklinga og fámenna hópa, vettvangsathugunum og greiningu skráðra gagna. Fundir voru haldnir með stjórnendum leikskólans, umsjónaraðilum ráðgjafaskólaverkefnis og þremur rýnihópum sem skipaðir voru fulltrúum deilda, fulltrúum þeirra sem hafa umsjón með sérkennslu auk sérkennslustjóra og fulltrúum foreldra. Leitað var eftir viðhorfum barna með hópviðtölum og þátttökuathugunum. Alls tóku átta 4-5 ára börn þátt í viðtölunum. Þátttakendur í rýnihópunum voru alls tólf en auk þess var rætt óformlega við marga starfsmenn¹ samhliða þátttökuathugunum. Skráð gögn sem stuðst var við voru m.a. skólanámskrá, starfsmannahandbók, starfsáætlun yfirstandandi árs, niðurstöður innra mats, niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal foreldra, umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans o.fl..

¹ Í þessari skýrslu er hugtakið notað bæði yfir faglærða og ófaglærða starfsmenn

Aðstaða og búnaður

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi leikskólans Sólborgar í heimsóknnum sínum á vettvangi. Eftirfarandi lýsing er afrakstur vettvangsathugana og viðtala við starfsmenn og foreldra.

Umhverfi, húsnæði, búnaður og námsgögn

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr. 665/2009) er kveðið á um að við skipulag og hönnun leikskóla skuli leitast við að tryggja börnum og starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Er þar sérstaklega átt við hentugan húsbúnað hljóðvist og lýsingu og fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og öðrum búnaði. Þær viðmiðanir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar voru hvort aðstaða og búnaður væri samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla og áherslum í aðalnámskrá leikskóla. Þar segir m.a. að skipulag og búnaður leikskóla eigi að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Börn þurfi vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Umhverfi og staðsetning Sólborgar hefur nokkra sérstöðu en leikskólinn er í útjaðri Öskjuhlíðar þar sem stutt er í ósnortna náttúru og möguleikar til útivistar, vettvangsferða og náttúruskoðana því miklir. Leikskólinn er fjögurra deilda og hefur hver deild² til umráða tvær rúmgóðar leikstofur. Á öllum stofum eru borð, stólar og hillur þar sem hvert barn hefur sína skúffu fyrir persónulega muni. Leikefni í leikstofum eru ýmsar tegundir kubba, spil, púsluspil, perlur, dýr, efniviður til hlutverkaleiks, o.fl. Á eldri stofunum hafa börnin aðgang að tölvu og á öllum stofunum er gott aðgengi að bókum. Í miðrými er opið svæði sem nýtt er fyrir hreyfiaðstöðu og kubbasvæði. Úr miðrýminu er einnig gengið inn í sameiginlegan listaskála, sérkennslugagnageymslu sem einnig er nýtt sem undirbúnings-aðstaða, leikfangasafn og fataherbergi. Sameiginlegt fataherbergi er fyrir þrjár eldri stofurnar en sér fyrir þær yngri. Önnur vinnusvæði starsmanna eru skrifstofa leikskólastjóra, setustofa, eldhús og þrjú lítil vinnuherbergi.

² Í Sólborg eru deildir nefndar stofur

Samantekt og mat

Skýrsluhöfundar telja húsnæði leikskólans vera gott. Heimastofur barnanna eru rúmar, miðað við þann fjölda barna sem er í leikskólanum í dag, og vel útbúnað hvað varðar húsgögn og leikefni og skipulag býður upp á að börnin skipti sér í minni hópa. Leikefni barnanna er að mestu staðsett þannig að þau hafa möguleika til að nálgast það sjálf. Segja má að vel takist að skipuleggja miðrýmið þannig að það rúmi fjölbreytta starfsemi. Þar gefst m.a. tækifæri til hreyfingar, hlutverka- og kubbaleiks. Nýbúið er að setja einangrun í loft þannig að hljóðvist er mjög góð. Setustofa starfsmanna og aðstaða til undirbúnings er að mati skýrsluhöfunda ófullnægjandi. Í setustofu eru mikil þrengsl og vinnuherbergi eru lítil og gluggalaus.

Stjórnun

Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn var leitað eftir upplýsingum um fjölda og menntun starfsmanna, fundi, boðskipti og verkaskiptingu. Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum sem fram komu í þessum viðtölum svo og í þeim skriflegu gögnum sem skýrsluhöfundar höfðu aðgang að.

Stöðugildi og menntun starfsmanna

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 24.5 og þeim gegna 30 starfsmenn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt sinnir afleysingastöðu, eru með leikskólakennara-menntun. Auk þess starfa í leikskólanum fjölbreyttur faghópur; leikskólakennarar, leikskólasérkennarar, þroskaþjálfar, táknaáhrifstúlkur, myndlistarkennari, heyrnarfræðingur (audiopedagog), íþróttakennari og starfsmenn með BA próf í táknaáhriffræði og uppeldis- og sálarfræði. Sjö leiðbeinendur starfa í leikskólanum og hafa þrjú af þeim táknaáhriffræði sem móturmál. Tveir starfsmenn eru í eldhúsi. Flestir starfsmenn leikskólans hafa langan starfsaldur og nokkrir hafa starfað þar frá opnun hans.

Verkaskipting stjórnenda og starfsmanna

Í starfslýsingum Félags leikskólakennara segir m.a. um hlutverk leikskólastjóra að hann sé faglegur leiðtogi og að meginverkefni hans sé að stjórna daglegri starfsemi leikskólans, gerð námskrár, ársáætlunar, ársskýrslu og mati á starfsemi leikskólans. Einnig er honum ætlað að sjá um miðlun upplýsinga til deildarstjóra, að deila verkefnum og ábyrgð til starfsmanna og gera símenntunaráætlun (Kennarasamband Íslands, 2006).

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt sérkennslustjórum, mynda stjórnunarteymi og leggja áherslu á ákveðna verkaskiptingu og upplýsingastreymi í formi funda og skráninga. Leikskólastjóri ber heildarábyrgð á faglegri starfsemi og rekstri leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri sér um tengsl og upplýsingamiðlun innan starfsmannahópsins, heldur boðleiðum opnum t.d. með því að hafa yfirsýn yfir hvað er að gerast og samhæfa verkefni og tryggja þannig að allir séu að vinna að sömu markmiðum. Í viðtali við stjórnendur kemur fram að lögð er áhersla á að deila ábyrgð og styðja starfsmenn í því að skipuleggja og samhæfa markmið og leiðir m.a. með teymisvinnu. Teymin hafa það hlutverk að þróa frekar áherslur og vinnubrögð í ákveðnum þáttum leikskólastarfsins. Lögð er áhersla á að þeir sem veljast í teymin hafi áhuga á því viðfangefni sem verið er að vinna með og þróa en leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta með sér að leiða starf teymanna. Í dag er sex slík teymi starfandi: teymi um umhverfismennt, útikennslu, forvarnarteymi, táknmálsteymi og teymi um innleiðingu SMT- skólafærni. Auk þess er teymi um þróunarverkefnið Heimasíðufréttir á táknmáli.

Fundir og boðskipti

Fram kemur að stuttir samráðsfundir eru haldnir alla morgna þar sem farið er yfir stöðu mála, svo sem veikindi starfsmanna, afleysingar, minnt er á heimsóknir og önnur verkefni dagsins. Helstu upplýsingar frá þessum fundum er skráðar á upplýsingatöflu í starfsmannarými. Deildarstjórafundir eru haldnir vikulega þar sem farið er yfir dagskrá vikunnar og teknar ákvarðanir um það sem liggur fyrir á næstu vikum. Fundargerð og vikudagskrá er sett upp samdægurs. Deildarstjórar taka ýmis mál frá deildarstjórafundum og ræða á sínum deildarfundum sem eru einu sinni í viku, síðar í vikunni. Á fimm vikna fresti eru einstaklingsnámskrár barna með sérþarfir endurmetnar á deildarfundum undir stjórn sérkennslustjóra. Samráðsfundir leikskólastjórnenda og sérkennslustjóra eru á dagskrá tvisvar í mánuði. Teymisfundir eru á sex vikna fresti, þá vikuna falla deildarfundir niður. Á teymisfundum er unnið að hugmyndavinnu, skipulagi og mati á framgangi þeirra verkefna sem verið er að vinna að hverju sinni. Árlega eru þrjár skipulagsdagar og tveir námskeiðsdagar. Starfsmannafundum var fækkað við hagræðinguna árið 2009 og eru þeir að mestu færðir inn í dagskrá skipulagsdaga. Óánægja er með það í starfsmannahópnum þar sem færri tækifæri eru nú fyrir allan hópinn að hittast og skiptast á skoðunum.

Leikskólastjóri tekur alla starfsmenn í viðtöl einu sinni á ári. Markmiðið með viðtölunum er að starfsmenn fái tækifæri til að meta eigin frammistöðu og líðan í starfi ásamt því að koma með óskir varðandi eigin starfsþróun. Einnig ræðir leikskólastjóri það sem hann vill koma á framfæri við einstaka starfsmenn.

Starfsmannahandbók

Í starfsmannahandbók eru upplýsingar sem tengjast daglegu starfi svo sem starfsgrundvöllur og markmið leikskólans, hagnýtar upplýsingar til starfsmanna, foreldrasamstarf, ýmsar verklagsreglur og upplýsingar um helstu samstarfsaðila. Þar er einnig gerð grein fyrir áherslum og vinnubrögðum í flestum þáttum leikskólastarfsins, eins og máltíðum, hvíld, útivist, samverustundum o.fl. Einnig er fjallað sérstaklega um starf með yngstu börnunum og verkefni elstu barnanna. Í starfsmannahandbók eru sýnishorn af þeim eyðublöðum sem notuð eru til skráninga og upplýsingar, t.d. fyrir foreldraviðtöl, einstaklingsnámskrár barna o.fl.

Samantekt og mat

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram ánægja með stjórnun og upplýsingastreymi innan leikskólans. Skipulag deildarstjóra- og deildarfunda er sérstaklega nefnt í þessu samhengi. Fram kemur að kröfur og væntingar til starfsmanna séu skýrar og að mikið sé lagt upp úr gagnkvæmri virðingu, tillitssemi, samvinnu og sveigjanleika. Hjá leikskólastjóra kemur fram að mikilvægt sé að markmið leikskólans um að stuðla að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins, gildi í starfsmannahópnum ekki síður en í barnahópnum. Það er mat starfsmanna að stjórnun sé bæði fagleg og markviss sem helgast af því að bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í góðum tengslum við daglegt starf, gefa ráð og styðja við þróun starfsins. Sem dæmi um þetta eru þau mörgu þróunarverkefni sem unnin hafa verið í gegnum tíðina. Starfsmenn segja að hugmyndir þeirra verkefna hafi ýmist komið frá leikskólastjóra eða starfshópnum en það sé leikskólastjóri sem sjái til þess að þeim sé hrint í framkvæmd.

Af ofangreindu má ráða að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt sérkennslustjórum mynda gott stjórnunarteymi þar sem áhersla er á öflugt upplýsingaflæði, skráningu og teymisvinnu þar sem mannauður leikskólans er nýttur og fólki treyst til að taka ábyrgð á þeim verkum sem því er falið.

Uppeldis- og menntastarfið

Upplýsinga um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum Sólborg var aflað með viðtölum, skoðun skráðra gagna og vettvangsathugunum.

Fjöldi barna og skipting á deildir

Heildarfjöldi barna í leikskólanum er 72 börn. Börnin skiptast á fjórar stofur með eftirfarandi hætti:

- Lerkistofa er ætluð tveggja ára börnum. Þar eru 15 börn.
- Furustofa er ætluð tveggja og þriggja ára börnum. Þar eru 18 börn.
- Víðistofa er ætluð þriggja og fjögurra ára börnum. Þar eru 19 börn.
- Birkistofa er ætluð fjögurra til sex ára börnum. Þar eru 20 börn.

Skólanámskrá

Í aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólastjóri beri ábyrgð á heildarstefnu skólanámskrár í samræmi við lög og reglur. Til að ná sem bestum árangri og auka líkur á að framfylgja þeim áætlunum sem gerðar eru, skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og þekkingar (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Skólanámskrá Sólborgar er frá árinu 2002. Í skólanámskránni kemur fram að hlutverk hennar sé tvíþætt; annars vegar stjórnþætti fyrir innra starf leikskólans og hins vegar upplýsingmiðlun um leikskólastarfið. Meginmarkmið Sólborgar eru 1) að stuðla að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins, 2) að þróa leikskólastarf þar sem komið er til móts við þarfir getubreiðs hóps barna, 3) að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðlar að samábyrgð allra starfsmanna á barnahópi.

Starfsgrundvöllur Sólborgar byggir m.a. á eftirfarandi þáttum:

- siðferðilegum rétti allra barna til að alast upp saman, læra hvert af öðru og með hvert öðru án tillits til andlegs eða líkamlegs atgervis,
- skipulögðu og markvissu leikskólastarfi sem tekur mið af þörfum barnahópsins jafnt sem einstaklinga innan hans,
- að hver einstaklingur búi yfir hæfileikum á mörgum sviðum sem hlúa beri að og leggja rækt við,

- þekking og fjölbreytt reynsla starfsmanna er mikilvæg við útfærslu á aðferðum og hugmyndafræði heildtækrar skólastefnu,
- samstarf og samvinna við foreldra er mikilvæg fyrir vellíðan og velgengni barns (Leikskólinn Sólborg, 2002).

Leikskólinn Sólborg hefur verið leiðandi í að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta með það að markmiði að koma til móts við þarfir getubreiðs hóps barna. Með þau markmið að leiðarljósi hafa verið unnin mörg þróunarverkefni m.a. í þeim tilgangi að finna leiðir og þróa starfshætti. Fyrsta verkefnið, *Foreldraviðtöl og einstaklingsáætlanir* (1997) hafði það að markmiði að hanna og raungera eyðublöð til að skrá upplýsingar um einstök börn. Önnur verkefni sem unnin hafa verið eru: *Tilraunaverkefni um leikskóladvöl fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn* (1999) þar sem markmiðið var að skipuleggja heilsdagsleikskólaumhverfi fyrir þau börn sem áður höfðu verið hálfan daginn í leikskóladeild Vesturhlíðarskóla, sem ákveðið var að leggja niður. *Gildi snemmtækrar íhlutunar fyrir heyrandi börn og heyrnarlaus foreldra* (2004), þar sem markmiðið var að athuga hvort snemmtæk íhlutun í formi markvissrar málörvunar og foreldrasamstarfs skilaði heyrandi börnum heyrnarlausra foreldra bættum málþroska. Í framhaldi af því var verkefnið *Námsefnisgerð fyrir tvítyngd börn heyrnarlausra foreldra* (2005), sem hafði það að markmiði að þróa námsefni fyrir íslenskunám heyrandi barna heyrnarlausra foreldra, styrkja jákvæð viðhorf til táknmáls og auka táknmálsvitund barna í leikskóla. Þróunarverkefnið *Preschool English* (2006), hafði það að markmiði að gefa 3 – 6 ára börnum kost á að æfa sig í ensku við daglegar athafnir. *Mappan mín* (2006) hafði það að markmiði að þróa og raungera „möppumat“ sem tæki mið af þörfum barna í leikskólanum Sólborg. Um þessar mundir eru þrjú þróunarverkefni í gangi: *Ráðgjafaskóli vegna heyrnarlausra og heyrnarskertra barna*, sem áður hefur verið getið og *Heimasíðufréttir á táknmáli* þar sem ætlunin er að gera fréttir og upplýsingar aðgengilegar heyrnarlausum á þeirra móðurmáli, táknmáli. Einnig að heyrnarlaus börn Sólborgar upplifi að móðurmál þeirra sé sýnilegt og viðurkennt og að lokum *Jákvæður skólabragur – sameiginleg sýn leik- og grunnskóla*. Markmiðið er að fyrirbyggja hegðunarerfiðleika með markvissri vinnu með allan barnahópinn með aðferðum SMT skólafærni. Verkefnið er samvinnuverkefni Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Hlíðaskóla og Sólborgar.

Hvert og eitt þessara þróunarverkefna hafa stuðlað að því að ná fram settum markmiðum ásamt því að þróa starfshætti sem mæta þörfum allra barna í sameiginlegu námsumhverfi.

Daglegt líf

Það sem heyrir m.a. undir daglegt líf í leikskóla eru matmálstímar, hreinlæti, hvíld og að klæða sig úr og í. Í skólanámskrá leikskólans er sérstaklega fjallað um þessa þætti. Þar kemur fram að markmiðið í daglegum venjum sé að börnin verði sjálfbjarga, auki sjálfstraust sitt og finni til öryggiskenndar (Leikskólinn Sólborg, 2002). Í athugunum á vettvangi kemur í ljós að vel er staðið að þessum þætti. Börnin skiptast á að undirbúa matmálstímamann með því að leggja á borð, sækja matarvagninn í eldhúsið og bjóða til sætis. Lögð er áhersla á að börnunum sé gefið tækifæri til að skammta sér sjálf mat og gangi frá eftir sig að lokinni máltíð. Að loknum hádegisverði eru rólegar stundir. Þá sofa yngstu börnin og þau eldri hvílast og hlusta á tónlist eða lesin er saga. Í fataherbergi er lögð áhersla á að fámennir hópar séu þar samtímis þannig að börnin fái góðan tíma og rými til þess að klæða sig.

Leikur

Í námskrá Sólborgar (2002) kemur fram að í öllu skipulögðu starfi sé áhersla á leik sem meginnámsleið barnsins. Daglegt skipulag gerir ráð fyrir því að barnið taki jöfnum höndum þátt í starfsmannastýrðum stundum og frjálsum leik. Markmið í leik eru m.a. að börnin þjálfist í samskiptum og læri að leika og vinna saman. Í þeim tilgangi er börnunum skipt í fámenna hópa þar sem þau vinna að sameiginlegum verkefnum sem reyna á samvinnu og að leita sameiginlegra lausna. Hlutverk starfsmanna er að vera til staðar, taka þátt á forsendum barnanna og aðstoða eftir þörfum.

Námssvið og námsþættir

Í aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að námssvið leikskóla séu áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og lífsleikni.

Vegna sérstöðu Sólborgar, sem m.a. tengist sameiginlegu uppeldi og menntun fatlaðra og ófatlaðra barna, er rík áhersla á málrækt sem er ásamt hreyfingu það námssvið sem er í forgrunni í öllu daglegu starfi. Starf tengt námssviðunum náttúru og umhverfi, og menningu og samfélagi er árstíðabundin t.d. er fjallað um nærumhverfið fyrst á haustin og sá þáttur svo aukinn eftir því sem öryggi og traust barnanna innan hópsins styrkist. Leikskólinn stefnir að því að verða skóli á grænni grein og í framhaldi af því sækja um Grænfanann sem hefur það að markmiði að auka umhverfismennt og styrkja

umhverfisstefnu í skólum. Eitt af verkefnum leikskólans þetta árið er þróun útináms þar sem markmiðið er m.a. að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi en umhverfi leikskólans, í útjaðri Öskjuhlíðar, býður upp á fjölbreytt tækifæri til útivistar. Í þeim tilgangi að gera starfið fjölbreyttara og styrkja starf tengt einstökum námssviðum er einum námsþætti gert hærra undir höfði hvert ár. Þetta á sérstaklega við um listgreinarnar tónlist og myndmennt en annað hvert ár er vægi þessara námssviða aukið og unnið þannig á markvissari hátt með hvort um sig.

Í skólanámskrá kemur fram að í leikskólastarfinu er unnið með ýmsa þætti sem tengjast menningu samfélagsins og eru hluti af menningu leikskólans. Má þar nefna dagskrá í tilefni af Degi íslenskrar tungu, Evrópska tungumáladeginum, jólaundirbúning, þorablót, öskudagsskemmtun, Dag leikskólans og í tilefni af afmælum barnanna eru veitingar útbúnar í leikskólanum.

Elstu börnin

Námskrá elstu barnanna (5 – 6 ára) tekur mið af þeim markmiðum sem fram koma í námskrá leikskólans með sérstakri áherslu á málrækt, læsi, stærðfræði, lífsleikni og hreyfingu. Einnig er markmiðið að efla enn frekar hópkennd barnanna m.a. með því að þau hjálpi hvert öðru, sýni kurteisi og tillitsemi og temji sér góð vinnubrögð (Leikskólinn Sólborg, 2009a).

Sem leið að þessum markmiðum er unnið með Þúsaldarljóð Sveinbjörns I.

Baldvinssonar og Tryggva M. Baldvinssonar. Ljóðið fjallar um náttúruöflin fjögur; jörð, vatn, loft og eld. Unnið er með ljóð og lag á fjölbreyttan hátt og það tengt stærðfræði, myndlist, ritmáli, íþróttum og táknmáli. Málörvunarþátturinn er stór þáttur í þeirri vinnu. Börnin læra texta ljóðsins og kynnast þannig ýmsum nýjum hugtökum og merkingu þeirra, æfa framsögn, klappa atkvæði, ríma, hreyfa sig, syngja, teikna eða skapa á annan hátt. Þau læra einnig táknið og skoða bækur sem tengjast viðkomandi frumefnum hverju sinni. Ljóðið er notað sem kveikja þar sem unnið er á forsendum barnanna og hugmyndir þeirra eru leiðandi.

Einu sinni í viku ganga börnin í Valsheimilið þar sem markmiðin eru m.a. að ferðast saman í hóp og fylgja umferðarreglum, styrkja þol og úthald á langri göngu, öðlast öryggi í íþróttasal og búningssklefa, efla félagsþroska og sjálfsmynd.

Að lokinni vinnu vetrarins er uppskeruhátið þar sem foreldrum er boðið að vera við útskrift barnanna, hlusta og upplifa flutning þeirra á ljóðinu í söng og táknum.

Á meðan skýrsluhöfundar voru á vettvangi hrifust þeir af áhuga, krafti og sköpun barnanna við útfærslu ljóðsins í máli og myndum. Greinilegt var að viðfangsefnið höfðaði sterkt til barnanna sem þau sýndu bæði í tjáningu og framkomu.

Mat á leikskólastarfinu

Í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitastjórna um skólahald (nr. 893/2009) segir að hver leikskóli skuli leggja mat á árangur og gæði skólastarfsins. Matið skal vera samofið annarri starfsemi leikskóla og skulu starfsmenn, foreldrar og börn taka þátt í því eftir því sem við á.

Í skriflegum gögnum og í viðtali við stjórnendur kemur fram að mat á leikskólastarfinu er skipulagt sem ákveðið ferli þar sem starfsmenn ræða sameiginlegar áherslur og framkvæmd starfsins yfir ákveðið tímabil, tvisvar á ári. Skráningar eru notaðar til að fylgjast með og meta þroska og framfarir barna. Í leikskólanum hefur verið þróað matstæki sem nefnist möppumat og er notað til að skrá þróun/þroska barns og það ferli sem barnið fer í gegnum þegar það tileinkar sér færni. Grunnur möppumatsins eru gátlistar sem starfsmenn fylla út með það að markmiði að gefa yfirlit yfir styrkleika, áhugasvið og færni barns í leik og daglegu starfi. Skráningarnar gefa mikilvægar upplýsingar og mynd af hverju barni og nýtast starfsmönnum og foreldrum við að skoða námsferli barnsins og vinnu að markmiðum einstaklingsnámskrár og starfsáætlunar. Skráningarnar eru nýttar sem grunnur að upplýsingamiðlun til foreldra og um leið tæki til foreldrafræðslu um þroskaferil barna (Leikskólinn Sólborg, 2006).

Í ársáætlun hvers árs er gerð grein fyrir mati á markmiðum fyrra árs og að hverju skuli stefnt á því næsta. Annars vegar er gerð grein fyrir mati á sameiginlegum markmiðum leikskólans í heild og hins vegar markmiðum hvernar stofu fyrir sig.

Viðhorf foreldra er fengið með spurningakönnun um aðbúnað barna og ákveðna þætti í innra starfi leikskólans, foreldraráð gefur umsögn um starfsáætlun leikskólans. Leitað hefur verið eftir viðhorfum barna m.a. með því að nota spurningaspil þar sem spurt er um ákveðna þætti í daglegu starfi. Einnig hafa starfsmenn farið í hlutverk blaðamanns og spurt börnin hvernig þau myndu vilja hafa leikskólann.

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að þeir telja sig hlusta eftir áhuga og skoðunum barnanna. Nefnt er dæmi um dreng sem spurði: „Af hverju þarf ég að fara út strax eftir hvíld, af hverju get ég ekki farið að leika inni?“ Annað dæmi er stúlka sem spurði hvort

hún gæti ekki fengið að sitja frammi með vinkonu sinni í matartímanum en þær höfðu áður setið saman en það ekki gengið upp þar sem þær trufluðu hvor aðra. Bæði málin voru tekin upp og rædd á deildarfundum. Í framhaldi af því var ákveðið að gefa meira val og svigrúm til leiks inni eftir hvíld en í tilfelli stúlkunnar var ákveðið að ekki væri tímabært að gera breytingar.

Starfsmenn segjast ræða við börnin um þær reglur sem gilda, hlusta á og virða skoðanir þeirra og þeir telja að börnin sætti sig við reglur þegar þeim eru gefin tækifæri til að ræða þær. Nefnt er að dagskipulagið hafi verið endurskoðað með sjónarmið barna í huga t.d. hafi val verið lagt af þar sem það var ekki talið bjóða upp á raunverulegt val. Starfsmenn ákváðu hvað var í boði og hvenær en nú er lögð áhersla á frelsi barnanna til að velja viðfangsefni út frá áhuga þeirra hverju sinni. Þannig sé daglegt skipulag meira á forsendum barnanna.

Annað hvert ár leggur leikskólasvið Reykjavíkurborgar fyrir starfsmannakönnun ásamt sameiginlegri viðhorfskönnun fyrir foreldra og er það eina formlega matið sem framkvæmt er af rekstraraðila. Samkvæmt lögum skulu sveitarfélög sinna mati og eftirlit með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um skólalagd þar með talið innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestna sinna og áætlanir um umbætur (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Á vegum leikskólasviðs er starfandi starfshópur um framkvæmd innra og ytra mats í leikskólum. Hlutverk hópsins er að móta stefnu um aðferðir og framkvæmd innra og ytra mats í leikskólum samkvæmt ofangreindum lögum og reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalagd (nr. 893/2009). Samkvæmt upplýsingum frá leikskólasviði er þessi vinna stutt á veg komin (Munnleg heimild: Sigrún Einarsdóttir, leikskólaráðgjafi, 11. maí 2010).

Sérstaða Sólborgar

Leikskólinn Sólborg starfar samkvæmt kenningum og aðferðum heildtækrar skólafestna og leggur áherslu á jafnrétti og virðingu og að öll börn fái nám við hæfi; *nám án aðgreiningar*. Fimmtán börn eru með skilgreinda þörf fyrir sérkennslu í leikskólanum. Mörg þeirra eru heyrnarskert en einnig börn með aðrar fatlanir.

Við skipulag starfsins er lögð áhersla á að skilgreina þarfir þeirra barna sem taka þarf sérstakt tillit til og finna leiðir sem henta hverju barni og aðlaga að hugmyndafræði um nám án aðgreiningar. Í leikskólanum starfa tveir sérkennslustjórar, sem deila einu

stöðugildi, og hefur hvor þeirra sína sérhæfingu. Sérkennslustjórarnir hafa yfirsýn og halda utan um alla sérkennslu. Það felur m.a. í sér ráðgjöf til starfsmanna, samvinnu við foreldra, handleiðslu við gerð einstaklingsnámskráa, samskipti við sérfræðinga sem tengjast hverju barni fyrir sig ásamt því að fylgja eftir og meta stöðu einstakra barna. Hvert barn hefur sinn ábyrgðarmann sem hefur umsjón með námi og áætlanagerð barnsins í samvinnu við sérkennslustjóra og foreldra. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hvernig stuðla megi að auknum þroska barnsins í daglegu starfi og hvernig það tengist markmiðum einstaklingsnámskráa, þannig bera allir ábyrgð á að fylgja áætlunum eftir. Í sumum tilfellum eru viðhafðar kennsluáferðir sem kalla á að unnið sé einstaklingslega með barni í stuttan tíma en megináherslan er þó að vinna í fámennum hópum.

Ráðgjafarskóli

Sólborg er eini leikskólinn á landinu sem hefur sérhæft sig í að mæta þörfum heyrnarskertra og heyrnarlausra barna og börnum heyrnarlausra foreldra. Starfsmenn hafa aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar á máli og menningu heyrnarlausra og leitast við að móta umhverfi þar sem áherslan er á sameiginlegt uppeldi heyrnarlausra og heyrandi barna. Unnið er út frá því að móðurmál heyrnarlausra sé táknmál og mikilvægi þess að móta umhverfi sem er ríkt af táknmáli og að nálægð fullorðinna heyrnarlausra sé forsenda myndunar táknmálsumhverfis (Leikskólinn Sólborg, 1999). Heyrnarlausir starfsmenn hafa því frá upphafi starfað í Sólborg og er það talinn fengur fyrir starfsemi leikskólans og tengsl hans við samfélag heyrnarlausra.

Allt frá stofnun hafa starfsmenn Sólborgar verið leiðandi á sviði náms án aðgreiningar og því hafa aðrir leikskólar leitað eftir ráðgjöf varðandi áhersluþætti í námi, skipulagi og umhverfi barna með sérþarfir. Umfang þessa þáttar í starfsemi leikskólans er mikið og krefst skipulagningar auk þess sem það tekur tíma frá daglegu starfi. Frá árinu 2006 hefur Sólborg, ásamt leikskólanum Múlaborg, sóst eftir að fá útnefningu sem sérhæfður ráðgjafarskóli á sviði náms án aðgreiningar. Árið 2009 fengu leikskólarnir styrk til að sinna þjónustu og ráðgjöf til leikskóla á landsvísu, án endurgjalds. Sólborg sérstaklega vegna heyrnarlausra og heyrnarskertra barna ásamt kennslu einhverfra barna, Múlaborg vegna fjölfatlaðra og einhverfra barna.

Markmið Sólborgar sem ráðgjafaskóla er að veita starfsmönnum leikskóla og foreldrum ráðgjöf varðandi umhverfi barnanna og áhersluþætti í námi og kennslu. Sérstaklega er horft til félagslegrar stöðu barna og þátttöku í leikskólastarfinu. Framkvæmd ráðgjafar

vegna einhverfra barna felst að mestu í áhorfi og sýnikennslu um framkvæmd kennslu barnanna ásamt skipulagi og hagnýtum þáttum. Framkvæmd ráðgjafar vegna heyrnarskertra barna felst m.a í ráðgjöf og fræðslu um eftirfarandi þætti: heyrnarskerðingu og áhrif þess að fá heyrnartæki, heyrnarskert börn og táknmál, námsumhverfi, hljóðvist og samskipti, áherslupætti í námskrá barnsins ásamt sýnikennslu. Í dag hafa níu leikskólar leitað eftir og fengið ráðgjöf vegna tíu barna. Í spurningakönnun sem framkvæmd var í maí sl. var spurt um hvort og hvernig ráðgjöfin hefði nýst leikskólunum ásamt mati á þörf fyrir slíka ráðgjöf. Í niðurstöðum kemur fram mikil ánægja með þjónustu Sólborgar og að ráðgjöfin hafi gagnast börnum, foreldrum og starfsmönnum leikskólanna (Leikskólinn Sólborg, 2010).

Samantekt og mat

Í skólanámskrá Sólborgar kemur fram að megin áherslur leikskólans séu m.a. að stuðla að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins, að þróa leikskólastarf þar sem komið er til móts við þarfir getubreiðs hóps barna, þar sem jafnrétti, gildi og virðing eru í fyrirrúmi, og að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðla þannig að samábyrgð allra starfsmanna.

Í viðtölum við stjórnendur, starfsmenn og foreldra kemur fram ánægja með áherslur og leiðir í starfi leikskólans. Það er mat skýrsluhöfunda að starfsmönnum takist mjög vel að skapa umhverfi sem stuðlar að jafnrétti, gildi og virðingu, hvort sem er í barnahópnum eða meðal fullorðinna. Starfið er markvisst og starfsmenn eru samábyrgir fyrir því að fylgja eftir áherslum og skipulagi. Í Sólborg vinnur þéttur þverfaglegur hópur sem hefur mikla þekkingu, metnað og trú á að sú sýn sem birtist í markmiðum leikskólans stuðli að jöfnum rétti allra barna til náms og samfélags með jafnöldrum. Af daglegu starfi má ráða að vel tekst að vinna út frá ólíkum þörfum og margbreytileika barnahópsins ásamt því að viðurkenna, virða og bregðast við skoðunum barnanna hverju sinni. Vel er unnið að því að skrá og meta leikskólastarfið og niðurstöður eru nýttar til að þróa og bæta starfshætti. Almenn skipulag er skýrt og ákveðnir verkferlar styðja við það, t.d. skipulag og verklag á deildarstjóra-, deilda- og teymisfunda. Í starfsmannahandbók er gerð ítarleg grein fyrir áherslum og vinnubrögðum í flestum þáttum starfsins og er hún því góður leiðarvísir og stuðningur fyrir starfsmenn.

Af viðtölum við starfsmenn, vettvangsathugunum og skráðum gögnum má ráða að í uppeldis- og menntastarfinu sé þeim áherslum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla mjög vel sinnt.

Samskipti, samstarf og starfsandi

Skýrsluhöfundar leituðu eftir upplýsingum um samstarf og samskipti í viðtölum við starfsmenn og börn ásamt því að fylgjast með samskiptum á vettvangi. Hér á eftir verður vikið að samskiptum í starfsmannahópnum, samskiptum fullorðinna og barna og samskiptum í barnahópnum.

Samskipti milli starfsmanna

Starfsmenn eru almennt sammála um að góð samvinna og starfsandi séu ríkjandi í leikskólanum. Reglulegir fundir og skráning er nefnt sem mikilvæg leið til að upplýsa og tryggja að allir taki þátt og séu virkir í að fylgja eftir og þróa starfshætti. Einu sinni í viku eru deildarfundir og þá senda hinar stofurnar tvo starfsmenn sem ásamt íþróttakennara leysa af á viðkomandi stofu. Þannig fæst, að mati starfsmanna, gagnkvæm innsýn í starfsemi hvers stofu, þeir kynnast öllum börnum sem leiðir til þess að allir finna til samábyrgðar gagnvart starfinu og barnahópnum.

Samskipti barna og starfsmanna

Í meginmarkmiðum Sólborgar kemur fram áhersla á jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins. Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að lögð er áhersla á að hlusta eftir viðhorfum barnanna eða „að lesa hópinn“ eins og það er kallað. Síðastliðið ár hefur verið unnið að því að innleiða SMT (e. School Management Training) sem gengur út á að leiðbeina og hvetja börn til náms, leiks og umgengni á jákvæðan hátt. Starfsmenn hafa komið sér saman um einkunnarorðin *leikni og samvinna* sem leiðarljós í samræmdum reglum í samskiptum, hegðun og umgengni og eru þau verkfæri í að ná fram meginmarkmiðum leikskólans. Fram kemur að í kjölfar umræðu og aðdraganda þess að innleiða SMT telja starfsmenn sig vera meðvitaðri um hvernig þeir koma fram og tala við börnin.

Viðhorf barna

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er áhersla á þátttöku barna og lýðræðislegt samstarf. Skýrsluhöfundar tóku hópviðtöl við átta börn í þeim tilgangi að fá fram þeirra upplifun af leikskólastarfinu.

Hjá börnunum kom fram að þeim finnst þau hafa um margt að velja í leikskólanum. Þegar þau eru spurð um hvað þau geti valið þá segir ein stúlkan: „Við veljum það sem

okkur langar og það er í boði.“ Spurð um hvað sé hægt að velja þá nefna þau að fara fram á kubbasvæði, í tölvuna, listaskála, búninga, út og í legó. Kubbasvæðið og tölvun eru oftast nefnd sem „skemmilegast“, einnig að fara út.

Fram kemur að það skiptir börnin máli að leika með vinum sínum en jafnframt sé mikilvægt „að æfa sig í að leika með öðrum“ eins og eitt barnið nefndi og gaf dæmi um: „Þegar ekki var laust á kubbasvæði þá var tölvan laus og þá gat ég valið með öðrum og þá valdi ég með einhverjum öðrum“. Börnin upplifa að þau hafi alltaf ákveðið val og að ekki sé sjálfsagt að þau geti alltaf ráðið hvað þau gera. Spurð að því hvernig það sé að geta ekki alltaf valið það sem þeim finnst skemmtilegt kemur fram að það sé „...þínu skemmtilegt... Við þurfum einhvern tímann að prufa að vera saman... stundum langar mig að leika með vinkonu minni ... en það eru allir vinir mínir.“ Þau virðast gera sér grein fyrir og setta sig við að þau geti ekki ráðið öllu en skemmtilegast finnst þeim að mega ráða hvað þau leika. „Stundum viljum við fara í listaskála en við ráðum því ekki ... en við fáum samt að ráða hvað við leikum.“ “Það er líka skemmtilegt úti og í íþróttum en þar má fara í Tarsanleik, leika í þrautum og frjálst.“ Elstu börnin velta fyrir sér í hvaða grunnskóla þau fara þegar þau hætta í Sólborg og heyra má að þeim finnst mikilvægt að fara í sama skóla og leikskólavinir þeirra. Í viðtölum við börnin kemur fram að þau læra hvert af öðru, sérstaklega í tengslum við tölvurnar, þar sem sum kunna meira en önnur; „þeir sem hafa farið áður í tölvuna kunna á hana.“

Í svörum barnanna kemur fram samkennd og vinátta sem endurspeglast í svörum þeirra þegar leitað er eftir einhverju sem þeim finnst leiðinlegt í leikskólanum. Þá er efst í huga þeirra að mörg börn hafa verið með hlaupabólu og þau nefna að það sé leiðinlegt þegar einhver sé veikur heima með hlaupabólu. Einnig nefna þau að það sé ekki gott þegar einhver sé að hrekkja.

Samantekt og mat

Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu, trausti og áhuga á velferð þeirra, og því sem þau eru að fást við hverju sinni. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og tekur mið af stefnu leikskólans um gildi þess að „allir geti leikið og lært saman“ það sama á við um börn og fullorðna. Hópurinn býr yfir fjölbreyttum mannauði og skipulag tekur mið af því að nýta sem best það sem hver og einn hefur fram að færa, sbr. teymisvinnu.

Af viðtölum við starfsmenn og börn má ráða að í leikskólanum ríki ákveðin festa sem skapast af skýrum markmiðum, skipulagi, stöðugleika, háu hlutfalli fagfólks og

ígrunduðum starfsháttum. Gott jafnvægi ríkir í barnahópnum og börnin sem rætt var við upplifa að á þau sé hlustað.

Samstarf og samskipti við umhverfi leikskólans

Þeir þættir sem aðallega var horft til í tengslum við samstarf og samskipti við umhverfi leikskólans voru samskipti við foreldra barnanna og aðila utan leikskólans.

Skýrsluhöfundar leituðu upplýsinga um markmið og leiðir í foreldrasamstarfinu í viðtölum við fulltrúa foreldra, við leikskólastjóra og starfsmenn leikskólans. Einnig var stuðst við rituð gögn eins og skólanámskrá, ársáætlun, niðurstöður foreldrakönnunar og starfsmannahandbók.

Samstarf við foreldra

Í skólanámskrá Sólborgar kemur fram að gott samstarf byggir á gagnkvæmu trausti og upplýsingamiðlun. Í upphafi leikskólavalar er lagður grunnur að slíku samstarfi með því að kynna foreldrum dagskrá um aðlögun barnsins, skipulag leikskóladagsins ásamt því að þeir kynnast barna- og starfsmannahópnum meðan á aðlögun stendur. Tvisvar á ári eru foreldrarviðtöl þar sem farið er yfir líðan og stöðu barnsins og þau markmið sem foreldrar og leikskólakennari telja mikilvægt að stefna að fyrir hönd barnsins. Foreldrar barna með sérþarfir eiga kost á slíkum viðtölum þrisvar til fjórum sinnum á ári. Foreldra- og starfsmannafélag er starfandi við leikskólann. Markmið þess er að efla tengsl foreldra, barna og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna. Foreldra- og fræðslukvöld eru einnig haldin í þeim tilgangi að treysta samstarf þessara aðila. Í fataherbergjum eru upplýsingatöflur þar sem skráðir eru daglegir viðburðir ásamt því að myndir, fréttir og áætlanir eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Almennt er foreldrasamstarfið talið gott og samskiptin jákvæð. Foreldraráð hefur verið starfandi frá árinu 2008 en samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er hlutverk þess m.a. að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra til foreldra. Ýmis mál hafa verið tekin upp í ráðinu og má þar m.a. nefna ferðir á vegum leikskólans, sumaropnun, niðurskurð og barnalýðræði. Umsögn foreldraráðs um starfs- og ársáætlun leikskólans árið 2009 – 2010 var jákvæð. Fram kom

sérstök ánægja með breytingu sem gerð hafði verið á foreldraviðtölum, þar sem áherslan breyttist frá upplýsingagjöf leikskólans til foreldra í samræðu þessara aðila um barnið. Þá kom fram ósk um virkari heimasíðu og að gera betur grein fyrir niðurstöðum könnunar Leikskólasviðs um viðhorf foreldra til leikskólans (Leikskólinn Sólborg, 2009c). Að mati foreldra hefur verið tekið vel í þessar ábendingar.

Viðhorfskönnun hefur verið lögð fyrir foreldra annað hvert ár. Í niðurstöðum síðustu könnunar (2009) má sjá að foreldrar eru ánægðir með líðan barnsins, upplýsingagjöf og dagleg samskipti við starfsmenn leikskólans. Starfsmenn meta það svo að samstarf við foreldra sé almennt gott. Lögð er áhersla á að taka vel á móti foreldrum og barni í upphafi dags ásamt því að vera til staðar þegar barnið er sótt.

Viðhorf foreldra

Í viðtölum við fulltrúa foreldra kemur fram mikil ánægja og jákvætt viðhorf til leikskólastarfsins. Sem helstu styrkleika í starfi leikskólans nefna þeir m.a. fjölda fagfólks og mikla sérþekkingu, stöðugleika í starfsmannahópnum, færri börn á hverri deild en almennt tíðkast í öðrum leikskólum, áherslu á nám án aðgreiningar, útikennslu, lýðræði og almenn samskipti. Fram kemur að foreldrar telja sig eiga mjög greiðan aðgang að upplýsingum um daglegt starf og að starfsmenn leggi sig fram í daglegum samskiptum. Þeir telja að starfið sé markvisst og að upplýsingar um stöðu og framfarir barns sé skráð með markvissum hætti í þeim tilgangi að skipuleggja starfið út frá þörfum hvers og eins. Þetta eigi við um öll börn, ekki bara þau sem eru með skilgreindar fatlanir eða sérþarfir. Foreldrar telja jákvætt að þeir séu þátttakendur í því að setja markmið fyrir sín börn og telja að þannig geti þeir haft áhrif á hvað verið er að gera með barninu og fylgt því eftir heima. Þeir telja sig hafa góða innsýn í daglegt starf og hafi möguleika á að hafa áhrif, segja sína skoðun eða bera upp álitamál. Ávallt sé tekið vel í ábendingar foreldra og reynt að koma til móts við þá eins og kostur er.

Áherslur leikskólans á jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins er vel fylgt eftir að mati foreldra. Börnin séu fordómalaus og telji jafn eðlilegt að vera með gleraugu eins og heyrnartæki, einnig finnist þeim ekki tiltökumál þó barn þurfi atferlisþjálfun. Þeir þættir sem foreldrar nefna og þeim finnst skipta máli í uppeldis- menntastarfinu eru vellíðan barna og að unnið sé út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins.

Aðrir samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar utan leikskólans eru Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Hlíðaskóli og Menntavísindasvið HÍ. Samstarf er við Heyrnar og talmeinstöð Íslands og talmeinarfræðinga vegna heyrnaskertra barna og barna með kuðungsígræðslu og Greiningar- og ráðgjafstöð ríkisins vegna barna með aðrar sérþarfir. Einu sinni í viku kemur sjúkraþjálfari frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og samstarf er við Borgarholtsskóla vegna starfsþjálfunar seinfærra nemenda. Þá koma nemar sem leggja stund á táknafræði við HÍ til að kynna sér táknafræðisnám barna. Auk þess er samstarf við þá leikskóla sem Sólborg veitir ráðgjöf til vegna heyrnarlausra og heyrnaskertra barna.

Samantekt og mat

Í viðtölum við foreldra, starfsmenn leikskólans og niðurstöðum viðhorfskönnunar á meðal foreldra kemur fram mikil ánægja með samskipti og samvinnu starfsmanna og foreldra. Lögð er áhersla á að upplýsa foreldra um leikskólastarfið í gegnum dagleg samskipti, upplýsingatöflur í fataherbergjum, viðtöl og heimasíðu leikskólans. Foreldrar telja að börnunum líði vel og að þörfum þeirra sé vel sinnt. Þeir telja að áherslum skólanámskrár sé vel fylgt eftir og að leikskólastarfið sé markvisst og skipulagt út frá þörfum hvers og eins. Þá telja þeir jákvætt að foreldrar komi að því að setja persónuleg markmið fyrir börn sín og geti þannig samþætt áherslur heimilis og leikskóla.

Lokaorð

Þegar matsniðurstöður eru skoðaðar kemur í ljós að leikskólinn Sólborg uppfyllir þau ákvæði sem fram koma í þeim viðmiðum sem lögð voru til grundvallar. Þetta á við um aðstöðu og búnað leikskólans stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og við aðila utan hans. Helstu styrkur leikskólans felst í stjórnun hans, öflugri skráningu og upplýsingamiðlun ásamt markvissu uppeldis- og menntastarfi. Sérstaða leikskólans felst í aðferðum heildtækrar skólastefnu þar sem áherslan er á að virða margbreytileika hjá börnum og vinna með tilliti til ólíkra þarfa þeirra. Sólborg hefur meðal annars sérhæft sig í að mæta þörfum heyrnaskertra og heyrnarlausra barna og börnum heyrnalausra foreldra. Starfsmenn hafa aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar á máli og menningu heyrnarlausra og leitast við að móta umhverfi þar sem áherslan er á sameiginlegt uppeldi heyrnarlausra og heyrandi.

Í leikskólanum ríkir góður starfsandi og starfsmenn hafa náð að byggja upp jákvæð samskipti sín á milli, við börnin og foreldra þeirra. Foreldrar eru einnig mjög ánægðir með samstarf og áherslur í leikskólastarfinu og telja að starfið sé markvisst og skipulagt út frá þörfum barnanna og að þeir eigi greiðan aðgang að upplýsingum um daglegt starf.

Það er von skýrsluhöfunda að niðurstöður úttektarinnar nýtist til áframhaldandi þróunar innan leikskólans. Hér á eftir verða dregnir fram helstu styrkleikar í starfi leikskólans ásamt ábendingum um ytri þætti.

Til styrkleika í starfinu má helst nefna

- Skýr stjórnun og öflug upplýsingamiðlun
- Starfsmenn bera mikið traust til stjórnenda
- Fagleg þekking og fjölbreyttur starfsmannahópur
- Mannauður er vel nýttur
- Vel skipulagt og markvisst leikskólastarf sem tekur mið af fjölbreyttum barnahópi
- Skráning á styrkleikum og stöðu barna
- Áhrif og samábyrgð starfsmanna við skipulag og þróun leikskólastarfsins
- Faglegar áherslur og skipulag sérkennslu
- Fámennir barnahópar á deild
- Foreldrar eru ánægðir, telja að börnunum líði vel og að upplýsingamiðlun sé til fyrirmyndar
- Húsnæði er vel skipulagt og nýtt

Ábendingar um ytri þætti

- Aðstaða starfsmanna er ófullnægjandi.
Setustofa og vinnuherbergi eru lítil og loftlaus
Einungis eitt salerni er fyrir starfsmenn
- Þrengsli eru í fataherbergi barna

Heimildir

- Kennarasamband Íslands.(2006). Kjarasamningur Félags leikskólakennara og launanevndar sveitarfélaga. *Starfslýsingar*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólinn Sólborg.(1999). *Tilraunaverkefni um leikskóladvöl fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn*. Reykjavík: Höfundur.
- Leikskólinn Sólborg. (2002). *Námskrá leikskólans Sólborgar*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólinn Sólborg. (2006). *Mappan mín. Þróunarverkefni í leikskólanum Sólborg um einstaklingsmiðað námsmat*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólinn Sólborg. (2009a). *Námskrá 5 - 6 ára barna*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólinn Sólborg. (2009b). *Starfsáætlun Sólborgar 2009-2010*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólinn Sólborg. (2009c). *Starfsáætlun leikskólans Sólborgar 2009-2010. Umsögn foreldraráðs*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólar Reykjavíkur. (2009d). *Niðurstöður úr viðhorfskönnun á meðal foreldra*.
- Leikskólinn Sólborg. (2010). *Mat á ráðgjöf vegna þróunarverkefnisins Ráðgjafarskóli vegna heyrnarskertra barna*. Reykjavík: Höfundur
- Leikskólinn Sólborg. (2005). *Starfsmannahandbók leikskólans Sólborgar*. Reykjavík: Höfundur
- Lög um leikskóla, nr. 90/2008.*
- Menntamálaráðuneytið.(1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur
- Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskýldu sveitarstjórna um skólabald nr. 893/2009)*
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, nr. 665/2009.*

Listi yfir þróunarverkefni

- Foreldraviðtöl og einstaklingsáætlanir. Tillaga um uppsetningu og inntak eyðublaða fyrir einstaklingsáætlanir og foreldraviðtöl ásamt gátlista og leiðbeiningum. (1997).
- Tilraunaverkefni um leikskóladvöl fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. (1999).
- Gildi snemmtækrar íhlutunar fyrir heyrandi börn og heyrnarlaus foreldra. (2004). Námsefnisgerð fyrir tvítyngd börn heyrnarlausra foreldra. (2005).
- Preschool English. Final report on the project. (2006).
- Mappan mín. Möppumat: Þróunarverkefni í leikskólanum Sólborg um einstaklingsmiðað námsmat. (2006).

Yfirstandandi þróunarverkefni árið 2010:

- Ráðgjafaskóli vegna heyrnarlausra og heyrnarskertra barna.
- Heimasíðufréttir á táknmáli.
- Jákvæður skólabragur – sameiginleg sýn leik- og grunnskóla.